

VELFERÐARNEFND

Landsfundarályktun 2015

Sjálfstæðisflokkurinn vill tryggja öllum landsmönnum bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á:

Markmið nógildandi laga um heilbrigðisþjónustu er að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tók á að veita. Sjálfstæðisflokkurinn vill að þetta markmið verði ávallt haft að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku varðandi heilbrigðiskerfið; bæði vegna einstaklinga sem og veitenda þjónustunnar. Áherslu ber að leggja á rekstur heilbrigðisstofnana um land allt þannig að hægt sé að veita sem flestum nauðsynlega heilbrigðisþjónustu í heimabyggð. Landsfundur telur sérstaklega brýnt að fæðingarþjónusta í nærumhverfi þjónustuþega verði eflað verulega frá því sem nú er. Þegar slíku verður ekki viðkomið vegna smæðar samfélaga er brýnt að aukakostnaður vegna slíks verði ekki lagður á fæðandi konur og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að auka þátt fjarheilbrigðisþjónustu, sem og bráðapjónustu utan spítala. Styðja þarf við þá sjúklinga, sem ekki geta fengið þjónustu í heimabyggð m.a. með sjúkrahóteli, heimahjúkrun eða heimþjónustu. Afar brýnt er að stórefla sjúkraflug og tryggja að slík þjónusta sé ætíð til taks í hinum dreifðu byggðum.

Sjálfstæðisflokkurinn vill heilbrigðisstefnu á breiðum grunni:

Leggja þarf fram ítarlega heilbrigðisáætlun, sem tekur til alls skipulags þjónustunnar og breytinga á henni, fjárfestinga í innviðum og mannauði, fjármögnun þjónustunnar, greiðsluþátttöku almennings, menntunar heilbrigðisstarfsfólks, starfsmannastefnu og vísindarannsókna. Við gerð slíkrar áætlunar skal leitast við að miðla þekkingu og standa vörð um valfrelsi einstaklingsins. Við mótun áætlunarinnar skal hafa einstaklingsmiðaða þjónustu að leiðarljósi sem og mikilvægi þess að mæta skjólstæðingum á fyrsta þjónustustigi. Mæta þarf vaxandi þörf fyrir heilbrigðisstarfsfólk í heilbrigðiskerfinu. Mikilvægt er að auka aðsókn ungs fólks í greinar innan þess og að koma í veg fyrir útstreymi mannauðsins úr landinu.

Sjálfstæðisflokkurinn vill efla forvarnir og heilsueflingu á öllum sviðum og stuðla að heilbrigðari lífsháttum:

Mikla áherslu ber að leggja á forvarnir og heilsueflingu á öllum sviðum og stuðla að heilbrigðari lífsháttum. Leggja ber áherslu á fræðslu um ávinning hreyfingar og hollra lifnaðarháttá á öllum skólastigum. Ekki síður ber að leggja áherslu á forvarnir í geðheilbrigðismálum með stórauðni átaki. Móta þarf heilræna stefnu í geðheilbrigðismálum, þar sem lögð er áhersla á snemmihlutun vegna geðsjúkdóma. Gera þarf heilsugæsluna betur í stakk búna til að sinna fyrsta stigs þjónustu við einstaklinga með geðræna vandamál.

Mótuð verði stefna í baráttunni við lífsstílstengda sjúkdóma og þar sett fram ákveðin mælanleg markmið fyrir næstu 5 og 10 ár. Ákveðnir sjúkdómar verði settir í forgang.

Lýðheilsuverkefni verði endurskilgreind og stefnt verði að því að færa hluta þeirra frá Embætti landlæknis til frjálsra félagasamtaka.

Líta þarf á fíkn sem heilbrigðisvanda en ekki löggæsluvanda. Tryggja þarf endurhæfingu fíknisjúklinga og auðvelda endurkomu í samfélagið. Skapa þarf úrræði fyrir fíkla með skaðaminnkun að leiðarljósi svo sem með eflingu nálastiptaverkefna og uppbyggingu verndaðra neyslurýma að fyrirmynd Svisslendinga.

Sjálfstæðisflokkurinn vill lækka lyfja- og sjúkrakostnað einstaklinga:

Endurskoða þarf greiðsluþáttökukerfi heilbrigðisþjónustunnar með það að markmiði að setja þak á kostnað þeirra sem mest þurfa á þjónustunni að halda. Einnig er mikilvægt að horfa til fjölbreyttra rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu með það að markmiði að auka þjónustu, skilvirkni og hagkvæmni.

Sjálfstæðisflokkurinn vill nýjan og betri Landspítala:

Landsfundur telur mikilvægt að efla Landspítala háskólasjúkrahús við Hringbraut með áframhaldandi uppbyggingu og bættri aðstöðu. Samhliða uppbyggingu Landspítalans verði aðferðir við fjármögnun sjúkrahúsa skoðaðar.

Sjálfstæðisflokkurinn vill stytta biðlista:

Sjálfstæðisflokkurinn vill markvissar aðgerðir til að stytta biðlista fyrir nauðsynlegar aðgerðir í heilbrigðiskerfinu. Stefnt skal að því að bið sé ekki lengri en 3 mánuðir frá tilvísun læknis. Þá verði sérfræðimenntun hjúkrunarfræðinga viðurkennd til að sinna fyrsta stigs þjónustu og þar með stytta biðtíma eftir læknisþjónustu.

Sjálfstæðisflokkurinn vill efla heilsugæsluna:

Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að nýta betur möguleika á fjölbreyttum rekstrarformum með áherslu á skýrar gæðakröfur samhliða jafnræði í greiðslum óháð rekstrarformi. Stefnt skal að því að bjóða út starfssemi heilsugæslunnar til að auka aðgengi, hagkvæmni og skilvirkni. Sérfræðingum í heimilislækningum verði í auknum mæli gert kleift að starfa sjálfstætt með samningum við Sí.

Sjálfstæðisflokkurinn vill auka aðstoð við aldraða:

Brýnt er að vinna frekar að réttindamálum aldraðra og klára starf almannatrygginganefndar Péturs Blöndals. Landsfundur telur jákvætt að breyta fyrirkomulagi dvalar- og hjúkrunarheimila þannig að heimilismenn greiði milliliðalaust fyrir þá þjónustu sem þeir fá, að undanskilinni heilbrigðisþjónustu og umönnun, sem þá er greidd af ríkinu með daggjöldum til heimilanna. Mikilvægt er að fjölga hjúkrunarrýmum, þar sem þörfin er brýnust. Einnig er mikilvægt að efla heimaþjónustu og heimahjúkrun eldri borgara. Heimaþjónusta taki mið af aldri og þörf og verði veitt samkvæmt viðurkenndu þjónustumati. Áhersla sé lögð á að eldri borgarar geti búið sjálfstæðu lífi á eigin heimili sem lengst.

Brýnt er að bæta tannheilsumál eldri borgara og þá fyrst og fremst þeirra sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Stefna ber að eftirfarandi :

- að aldraðir á dvalar- og hjúkrunarheimilum haldi fjárhagslegu sjálfstæði sínu og þjónustusamningur milli aðila verði gerður.
- að um leið og minnt er á og þakkað að sú kjaraskerðing sem eldri borgarar urðu fyrir 1. júlí 2009 hefur verið leiðrétt að mestu, er lögð áhersla á að hún verði afturkölluð að fullu.
- að tafarlaust verði hætt að skerða framfærsluuppbot krónu fyrir krónu.
- að þeir sem náð hafa 70 ára aldri geti aflað sér atvinnutekna án þess að greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins skerðist.
- að fjármagnstekjur valdi ekki skerðingum hjá Tryggingastofnun ríkisins.
- að lögum um almannatryggingar verði breytt á þann veg að aldraðir geti selt eða leigt eignir sínar án þess að andvirði þeirra skerði greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Það felur í sér að þeir greiða skatta og skyldur af eignasöllum en verður ekki íþyngt umfram aðra þegna þjóðfélagsins.
- að öldruðum verði tryggð nauðsynleg tannheilbrigðisþjónusta með aukinni þátttöku Sjúkratrygginga Íslands.
- að Sjúkratryggingar Íslands taki meiri þátt í kostnaði vegna kaupa heyrnartækja aldraðra.

Sjálfstæðisflokkurinn vill sjálfstætt heilbrigðisráðuneyti:

Velferðarráðuneytinu verði skipt upp þannig að heilbrigðisráðuneytið verði sjálfstætt ráðuneyti.

Sjálfstæðisflokkurinn vill endurskoða bætur almannatrygginga í heild:

Nauðsynlegt er að endurskoða bætur almannatrygginga í heild sinni út frá þeirri grunnforsendu að öllum séu tryggðar lágmarkstekjur til lífsviðurværis án þess að dregið sé úr hvatanum til sjálfsbjargar og möguleikum einstaklingsins til að bæta kjör sín.

Sjálfstæðisflokkurinn vill tryggja öllum tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði þrátt fyrir sjúkdóma/fötlun:

Tryggja þarf að allir sem verða fyrir skerðingu á starfsgetu vegna sjúkdóma og/eða slysa, fái tækifæri til starfsendurhæfingar þegar læknisfræðilegri meðferð og endurhæfingu er lokið. Skapa þarf ný atvinnutækifæri, t.d. með hlutastörfum samkvæmt starfsgetumati fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu, og tryggja að fötlun og/eða sjúkdómar komi ekki í veg fyrir atvinnuþátttöku á almennum vinnumarkaði. Nauðsynlegt er að notendastýrð persónuleg aðstoð, NPA, verði lögfest sem eitt af meginformum þjónustu við fatlað fólk.

Sjálfstæðisflokkurinn vill auka forræði kvenna yfir eigin líkama:

Það er sjálfsagt frelsismál að konur hafi fullt forræði yfir eigin líkama. Því ætti staðgöngumæðrun að vera leyfð.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að blóðgjafar séu metnir á grundvelli heilsufars óháð kynhneigð:

Sjálfstæðisflokkurinn hvetur eindregið til þess að blóðbankinn endurskoði afstöðu sína gagnvart þeim hópi fólks sem gefa megí blóð án þess að mismuna á grundvelli kynhneigðar.

Sjálfstæðisflokkurinn vill leyfa andlát með aðstoð:

Hefja þarf umræðu um hvort fólk með lífsgæðahamlandi, banvæna sjúkdóma eigi að gefast kostur á andláti með aðstoð fagaðila.

Sjálfstæðisflokkurinn vill auka sjálfstæði fatlaðra einstaklinga:

Leitast skal við að fatlaðir einstaklingar hafi val um að stýra þjónustu sinni sjálfir. Sjálfstæðisflokkurinn vill auka sjálfstæði þeirra sem eru sérstaklega mikið fatlaðir, bæði hvað varðar atvinnuþátttöku og samgöngur.

Sjálfstæðisflokkurinn vill sveigjanleg starfslok:

Mikilvægt er að einstaklingum gefist tækifæri til sveigjanlegra starfsloka án þess að það hafi neikvæð áhrif á lífeyrisréttindi þeirra. Heimilt verði að fresta töku lífeyris umfram lögbundinn lífeyrisaldur gegn hækkun lífeyris og að sama skapi verði heimilt að flýta töku lífeyris gegn lækkun lífeyris. Vegna bættrar heilsu og langlífis verður nauðsynlegt að hækka lífeyrisaldur í fyrsta áfanga úr 67 árum í 70 ár.

Sjálfstæðisflokkurinn vill jöfn tækifæri:

Það er markmið Sjálfstæðisflokksins að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum einstaklinga óháð kynferði, aldri, trú, stöðu eða öðrum aðgreinandi þáttum. Með því að stuðla að jöfnum tækifærum er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélags. Mikilvægt er að hvetja báða foreldra til að nýta rétt sinn til fæðingarorlofs. Taka þarf til endurskoðunar vinnubrögð og verkferla í málefnum trans- og intersex fólks í heilbrigðiskerfinu. Sérstaklega þarf að gera nauðsynlegar lagabreytingar sem endurspeglar mannréttindi þessa hópa.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að ungt fólk geti eignast sitt eigið húsnæði:

Miklu máli skiptir að aðgerðir hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga á sviði húsnæðismála, stuðli að auknu framboði húsnæðis og lækkun byggingarkostnaðar þannig að stöðugleiki og eðlilegt jafnvægi náist á sem skemmstum tíma á fasteignamarkaði. Spornað sé gegn því að sértækar aðgerðir hins opinbera ýti undir eftirspurn og þar með hærri húsnæðiskostnað.

Til að auðvelda ungu fólki kaup á sinni fyrstu húseign þarf að leita leiða til að lækka byggingarkostnað og auka framboð á íbúðum sem henta við upphaf búskapar, það er sérstakt markmið að auðvelda ungu fólki sín fyrstu kaup með skattalegum og vaxtalegum hvötum til sparnaðar til að standa undir útborgun við fyrstu kaup. Þessi úrræði skal festa varanlega í sessi.

Sjálfstæðisflokkurinn mun beita sér fyrir að fjarlægja þær mörgu hindranir sem eru á vegi ungs fólks sem eignast vill húsnæði. Í fyrsta lagi með því að hvetja sveitarstjórnarmenn til að auka framboð lóða og lækka gjaldtöku á nýbyggingar. Í öðru lagi með einföldun byggingareglugerðar þar sem stærð og gerð húsnæðis er ákvörðun seljanda og kaupanda, ekki opinberra embættismanna og í þriðja lagi með afnámi afskipta hins opinbera af greiðslumati og ábyrgðum á lánnum vegna húsnæðiskaupa.